



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Reykjanesbæ, svæði M12



Bjarni F. Einarsson
2024

Forsíðumyndin sýnir minjar nr. 257, götu sem líklega er frá stríðsárunum. Stefnir hún að herminjum (Snelling hverfinu) sem eru skammt suðvestur af skipulagsreitnum. (Horft mót NA. Ljós. BFE 2024).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Reykjanesbæ
Apríl 2024

Inngangur

Að beiðni Arkís arkitekta kannaði Fornleifafræðistofan hugsanlegar fornleifar á deiliskipulagsreit í Reykjanesbæ, svæði M12, vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Deiliskipulagssvæðið og staðsetning minja er sýnt á mynd 1.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 30. mars síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki. Byrjað var á næsta lausa númeri Fornleifafræðistofunnar í sveitarfélaginu.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1.

Áður hefur fornleifaskráning farið fram í sveitarfélaginu vegna aðalskipulags Reykjanesbæjar (Sandra Sif Einarsdóttir o. fl. 2008), en engar fornleifar voru þá skráðar á svæðinu enda voru herminjar ekki skráðar þá. Engar nýjar fornleifar komu í ljós við vettvangskonunina nú, en tvennar meintar herminjar voru skráðar.

Fulltrúi verkkaupa var Björn Guðbrandsson hjá Arkís arkitektum.



Mynd 1. Hið kannaða svæði með staðsetningu minja. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbót: Fornleifafræðistofan).

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Eins njóta yngri minjar ekki verndunar laganna nema undir sérstökum kringumstæðum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr.). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins, en þær sem næstar eru eru leifar gamla

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
256	Gata	1	Framkvæmdir	Mikil	Sæmilegt	-1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
257	Gata	1	Framkvæmdir	Mikil	Ágætt	-1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
Samtals:		2				Meðaltal:	1	1		

Tafla yfir hinar skráðu minjar á hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Hér er lagt mat á hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á deiliskipulaginu. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdum sjá fornleifaskrá.

Keflavíkurbæjarins á Duus túni. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein.

Samtals voru tvær minjar skráðar í tengslum við vettvangskonunina. Báðar eru taldar í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda, en þær eru líklega of ungar til að njóta verndunar laganna og því þarf eingra mótvægisáðgerða við sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra. Í þessu samhengi er mælt með því að fá álit Minjastofnunar Íslands varðandi hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Niðurstaða

Tvær minjar fundust á deiliskipulagsreitnum. með lítið minja- og varðveislugildi. Báðar eru taldar í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda, en mótvægisáðgerða er varla þörf nema Minjastofnun Íslands telji annað.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

minjastofnun.is Minjavefsjá.

Sandra Sif Einarasdóttir og Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*.

Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2008.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Reykjanesbær Nr. 256:1–257:1.

Fornleifaskrá

1

Aðalnr.

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	256
Gullbringusýsla	Reykjanesbær			
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	1
-				

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	29.3.2024	E 324534,3. N 393467,5	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Gata	Herminjar	Kefl 24	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1900-
Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
	Framkvæmdir	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Lítið	1	Lítið	1
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Í heiði.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gata.

2,5 m breið og 0,1 - 0,2 m djúp. Tvö hjólför eru í götunni sem ekki hefur verið mikið notuð. Líklega herminjar.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Gatan er líklega ung og nýtur ekki verndunar laganna og því engra mótvægisáðgerða þörf sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar.

Fornleifaskrá

2

Aðalnr.

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	257
Gullbringusýsla	Reykjanesbær			
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
-			1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	29.3.2024	E 324601,7. N 393678,1	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Gata	Herminjar	Kefl 24	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Ekkert	Engin	Ágætt	1900-
Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
	Framkvæmdir	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Lítið	1	Lítið	1
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Í heiði.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gata.

Um 4 - 6 m breið og víða upphækuð um 0,2 - 0,3 m.
Í götuna hefur verið færð rauðamöl.
Líklega herminjar.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Gatan er líklega ung og nýtur ekki verndunar laganna og því engra mótvægisáðgerða þörf sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar.